

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 224/2023

frá 22. september 2023

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/948 frá 12. maí 2023 um leyfi til að setja á markað 6'-síalýllaktósanatríumsalt, sem er framleitt með afleiddum stofnum *Escherichia coli* BL21(DE3), sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/950 frá 12. maí 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar skilyrði fyrir notkun á nýfæðinu 2'-fúkósýllaktósa ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/952 frá 12. maí 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1321/2013 að því er varðar nafn leyfishafa fyrir reykbragðefnið „Tradismoke™ A MAX“ á forstigi framleiðslu (einkvæmur kóði SF-007) ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/961 frá 12. maí 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar skilyrði fyrir notkun á nýfæðinu laktó-*N*-neótetraósa ⁽⁴⁾.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 6) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 128, 15.5.2023, bls. 52.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 128, 15.5.2023, bls. 68.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 128, 15.5.2023, bls. 79.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 129, 16.5.2023, bls. 3.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 84. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2013):

„– **32023 R 0952**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/952 frá 12. maí 2023 (Stjtið. ESB L 128, 15.5.2023, bls. 79).“

2. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 124b (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470):

„– **32023 R 0948**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/948 frá 12. maí 2023 (Stjtið. ESB L 128, 15.5.2023, bls. 52),

– **32023 R 0950**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/950 frá 12. maí 2023 (Stjtið. ESB L 128, 15.5.2023, bls. 68),

– **32023 R 0961**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/961 frá 12. maí 2023 (Stjtið. ESB L 129, 16.5.2023, bls. 3).“

3. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 222. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/965):

„223. **32023 R 0948**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/948 frá 12. maí 2023 um leyfi til að setja á markað 6'-sialýllaktósanatríumsalt, sem er framleitt með afleiddum stofnum *Escherichia coli* BL21(DE3), sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 128, 15.5.2023, bls. 52).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2023/948, (ESB) 2023/950, (ESB) 2023/952 og (ESB) 2023/961, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. september 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður